

Nd.

261. Frumvarp til laga

um heimild fyrir hreppsfélög til þess að stofna byggingarsjóði í sveitum.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er hreppsfélögum að stofna byggingarsjóði fyrir bændur, og takmarkast starfssvið sjóðanna alltaf af hreppamörkum. Skal heiti hinna einstöku sjóða dregið af nafni viðkomandi hrepps.

2. gr.

Verksvið byggingarsjóða er að veita bændum hagkvæm og ódýr lán til þess að reisa íbúðar- og peningshús.

3. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsjóð í hreppi, og skal þá sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar, með nægum fyrirvara, og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt um byggingarsjóð fyrir hreppinn. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir bændur.

Fundur er lögmaður, ef helmingur þeirra, er atkvæðisrétt hafa, mæta á fundi, sem boðað hefir verið löglega til. Sé fundur lögmaður og nái uppkastið samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna byggingarsjóð, og er samþykktin bindandi fyrir alla sveitarhúa. Samþykkt sveitarfundarins skal aftur leggja fyrir hreppsnefnd til endanlegrar samþykktar. Samþykki hreppsnefnd gerðir sveitarfundarins, sendir hún atvinnumálaráðuneytinu samþykktina til staðfestingar. Sé samþykktin felld í hreppsnefnd, skal þegar bera hana undir annan sveitarfund, sem sé boðaður á sama hátt og fyrri fundurinn. Samþykki sá fundur að stofna byggingarsjóð, telst hann stofnaður, enda þótt samþykki hreppsnefndar komi ekki til. Sendir hreppsnefnd síðan samþykktina til staðfestingar, eins og fyrr greinir.

4. gr.

Byggingarsjóður nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, sem svarar 4 krónum á hvern íbúa hreppsins. Hreppssjóður greiðir að minnsta kosti jafnt á móti. Nú er sveit aðeins hluti úr hreppi, er þá heimilt, að tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs sé jafnað niður á íbúa sveitarinnar, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum, enda greiði þá ríkissjóður eigi hærra framlag en 4 kr. á hvern íbúa sveitarinnar. Byggingarsjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt 1. gr., skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þeir þá rétt til framlags úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum frá næstu áramótum á eftir.

5. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 3 menn, 2 kosnir á hreppsfundi, en 1 tilnefndur af hreppsfundi, til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Einnig skulu kosnir á hreppsfundi 2 endurskoðendur til þriggja ára í senn. Stjórn sjóðsins getur tekið þóknun fyrir starf sitt, sem þó má ekki fara fram úr 300 kr. á ári.

6. gr.

Byggingarsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnunum með ríkissjóðsábyrgð, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

7. gr.

Byggingarsjóður lánar fé til þess að reisa íbúðar- og peningshús, er nauðsynleg teljast og við koma búrekstri bænda. Þó skulu lán til íbúðarhúsa ávallt sitja í fyrir-rúmi fyrir lánnum til peningshúsa. Þeir bændur skulu ganga fyrir um lánveitingar úr sjóðnum, sem leiða gild rök að því fyrir stjórn sjóðsins, að þeir geti ekki fengið lán hjá öðrum lánsstofnunum. Lán til eins manns mega ekki fara fram úr 5000 kr., og fyrstu 10 árin ekki fram úr 3000 kr. til eins manns.

8. gr.

Lán úr byggingarsjóði skulu veitt gegn fyrsta veðrétti í byggingum þeim, sem lánað er til, og mega nema allt að 85% virðingarverðs bygginganna fullgerðra. Lánin skulu veitt affallalaust og endurgreiðast með jöfnum afhorgunum á allt að 20 árum. Auk þess greiði lánþegi sem svarar einu árgjaldi til viðbótar fyrir vexti.

9. gr.

Teikningar þær, sem hús þau eru gerð eftir, sem byggingarsjóður lánar til, skulu samþykktar af teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs, og er teiknistofunni skylt að láta teikningar og aðrar upplýsingar í té ókeypis, ef þess er óskað.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglugerð um störf byggingarsjóða í sveitum. Þar skal meðal annars ákveða, hvernig og á hvaða hátt eftirliti skuli hagað með þeim byggingum, sem reistar verða fyrir lán úr sjóðum þessum.

11. gr.

Nú telja menn ekki lengur þörf á, að byggingarsjóðurinn sé aukinn. Skal þá boða til hreppsfundar á sama hátt og segir í 3. gr. Sé samþykkt á sama hátt, að tillög í sjóðinn hætti, eins og til hans var stofnað, hætta framlög frá ríki og hreppssjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi. Er aðeins 8. gr. nokkuð breytt. Frv. fylgdu þá eftirfarandi athugasemdir og skýringar.

„Það virðist vera af flestum viðurkennt, að það sé ekki æskilegt, að sveitirnar tæmist meir af fólki en orðið er. Eitt af frumskilyrðum þess, að það fólk, sem enn er eftir í sveitunum, megi haldast þar við, er það, að byggingarmálum sveitanna sé komið í gott horf.

Á næstu árum er óhjákvæmilegt að endurbyggja bæina í tugatali í hverri einustu sveit á landinu. Eins og hagur sveitanna er nú, og líkindi eru til, að hann verði í næstu framtíð, er það sýnilegt, að yfirleitt munu bændur ekki geta ráðizt í húsabyggingar, nema fá hagkvæm lán til þess. Lánsstofnanir þær, sem bændur eiga aðgang að í þessu skyni, eru: Ræktunarsjóðurinn og byggingar- og landnámssjóður. Þessar lánsstofnanir geta nokkuð hjálpað, en ekki nægilega. Lánbeiðnirnar hrúgast nú upp hjá þessum lánsstofnunum sveitanna, en tiltölulega lítið hægt að afgreiða. Mun þetta innan skamms hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar, sem hljóta að leiða til þess, að Alþingi verður að taka málið að sér og finna leið til þess að gera bændum kleift að endurbyggja hina hrynjandi bæi. Í þessu frumv. er bent á leið til að leysa þetta knýjandi nauðsynjamál án mikilla fjárframlaga frá ríkinu. Það er talið, að í sveitunum séu um 50 þús. manns, þar með talin nokkur kauptún, sem ekki eru sérstakir hreppar. Þegar þau eru frá talin, mun ekki fjarri sanni, að íbúar sveitanna séu allt að 45 þúsund. Þótt byggingarsjóðir yrðu stofnaðir í öllum sveitum landsins, yrðu fjárframlög ríkisins — samkvæmt því, sem frumv. gerir ráð fyrir — ekki yfir 180 þús. kr. á ári. Verði ekkert gert í þessum málum meir en búið er, munu margar fjölskyldur úr sveitunum flosna upp á næstu árum og flytja í kaupstaðina og bætast þar við í atvinnuleysingjahópinn. Afleiðingin af þessu öllu verður svo sú, samkvæmt því ástandi, sem ríkjandi er, að fjárveitingavaldið mun telja sig knúið til þess að auka fjárframlag til svonefndra atvinnubóta, og er þar fljótt að koma í hverjar 100 þúsundirnar, eins og reynslan sýnir. Þarf ekki að lýsa því, hvort muni vænlegra til þjóðþrifa, að verja nokkurri upphæð úr ríkissjóði til þess að tryggja framtíð fólksins á hinni grænu gróandi jörð, eða fleygja álíka upphæð eða meira í arðlitla atvinnubótavinnu handa þessu sama fólki á mölinni við sjóinn, og byggja þar yfir það, með lánsfé, sem tekið er af veltufé atvinnuveganna í landinu.“